



ERINDISBRÉF

starfshóps um skipulagsbreytingar Vinnuskóla Reykjavíkur

Ábyrgðarmaður:

Ólöf Örvarsdóttir, sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs.

Inngangur:

Umhverfis- og skipulagssvið hefur hafið vinnu við gagngera endurskoðun á starfsemi Vinnuskóla Reykjavíkur. Sóknarfæri felast í endurskoðun starfseminnar hvað varðar fjölbreytni verkefna við hæfi fyrir vinnuskólahópinn, nútímalegar fræðsluáherslur og uppbyggilegt forvarnarstarf.

Hlutverk:

Hlutverk hópsins er að greina umbótatækifæri á rekstri og starfsemi Vinnuskóla Reykjavíkur til skemmri og lengri tíma litið.

Helstu verkefni/viðfangsefni:

- Greina sóknarfæri fyrir starfsemi Vinnuskólans sem felast í stafrænum lausnum og samfélagsmiðlum.
- Skoða möguleika á breyttu skráningakerfi fyrir foreldra, vinnufyrirkomulagi unglunga, verkefnaskilum og almennri upplýsingagjöf.
- Yfirfara starfslýsingar leiðbeinenda og uppfæra í ljósi nýrra áherslna.
- Yfirfara og uppfæra verkefnalista með hliðsjón af ólíkum þörfum í borgarhlutum.
- Forgangsráða verkefnum í samráði við alla helstu samstarfsaðila, bæði innan borgar og utan.
- Yfirfara og eftir atvikum uppfæra samninga og/eða samkomulag við íþróttafélög og önnur æskulýðsfélög vegna sumarverkefna Vinnuskólans.
- Uppfæra áhættumat fyrir störf í Vinnuskólanum og koma umbótum í öryggismálum á grundvelli þess mats, í framkvæmd.

Starfshópin skipa:

Steinunn Rögnvaldsdóttir, formaður, staðgengill mannauðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs.

Ásgrímur Már Friðriksson, stafrænn leiðtogi umhverfis- og skipulagssviðs.

Hafsteinn Viktorsson, skrifstofu borgarlandsins.

Verkefnisstjóri starfshópsins:

Þorvaldur Guðjónsson, skrifstofu mannauðs, umhverfis- og skipulagssviði.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Hópurinn vinni m.a. í samráði við þjónustu- og nýsköpunarsvið, skóla- og frístundasvið, íþróttafélög og önnur æskulýðsfélög, foreldra, fyrrverandi leiðbeinendur og nemendur.



Starfshópurinn vinni hagsmunaaðilagreiningu sem síðan verði lögð til grundvallar því samráði og samstarfi sem þarf að hafa vegna vinnu hópsins. Hópurinn leiti einnig ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á.

Starfstímabil og skil:

Starfshópurinn skili af sér umbótatillögum til ábyrgðarmanns fyrir 29. mars 2024.

Reykjavík, 27. nóvember 2023

Ólöf Örvarsdóttir,
sviðsstjóri